

Umsögn um sýni frá Oddgeirshólum í  
Hraungerðishreppi

**Gestur Gíslason**

**Greinargerð GG-83/04**

UNNÖGN UM SÝNI FRÁ ODDGEIRSHÓLUM Í HRAUNGERÐISHREPPI

Þann 11. nóvember 1983 var farið að Oddgeirshólum í Hraungerðishreppi til þess að taka sýni að jarðhitavatni. Í svonefndum Leirflögum hafði verið grafin um þriggja metra djúp gryfja fyrr um haustið, og kom þar niður í 50 stiga heitt vatn. Ef vatnið stóð óhreift í gryfjunni kólnaði það verulega. Þann dag sem sýnið var tekið hafði verið dælt úr brunninum í 2-3 klst um 5 l/sek. Hafði vatnsborðið lækkað við það um 0.5 metra og streymdi heitt vatn inn í brunninn um sprungu í hrauninu. Þegar sýnatakan var gerð mældist hitinn við hana 43 gráður.

Vatnssýnið var efnagreint á rannsóknarstofu Orkustofnunar og eru niðurstöður eftirfarandi:

Hiti	43.00
pH/C	7.80/20.5
SiO <sub>2</sub>	70.30
Na	178.32
K	8.04
Ca	13.62
Mg	1.14
CO <sub>2</sub>	42.10
SO <sub>4</sub>	65.07
H <sub>2</sub> S	0.00
Cl	222.75
F	1.04
Uppl. efni	596.40

Styrkur uppleystra efna í sýninu frá Oddgeirshólum er nokkuð hár miðað við hitastig vatnsins. Ef efnasamsetning þess er borin saman við greiningar á vatni úr borholum frá Þorleifskoti sést, að þær eru mjög líkar, en hár styrkur klórs (Cl) og natríums (Na) er þar áberandi.

Styrkur efna í vatninu er notaður til þess að segja fyrir um hita vatnsins í jarðhitakerfinu og reiknast hann 85-90 gráður. Vatnið er neysluhæft, en styrkur klórs og flúors (F) er í herra lagi.

Gestur Gíslason